

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 393 — 18. mál.

2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um lækningatæki.

Frá meiri hluta velferðarnefndar (HVH, ÓÞG, ÁF, AKÁ, GIK, HSK, LRM, VÁ).

1. Á eftir orðinu „framleiðslu“ í 1. mgr. 3. gr. komi: innflutnings.
2. Fyrirsögn 6. gr. verði: *Hlutverk Lyfjastofnunar*.
3. Orðið „ekki“ í 2. tölul. 11. gr. falli brott.
4. Við 17. gr.
 - a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða á um það í reglugerð hvernig viðhaldi og endurnýtingu lækningatækja skuli háttað.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Viðhald og endurnýting lækningatækja*.
5. Á eftir orðunum „Áður en tæki er sett“ í 2. mgr. 26. gr. komi: á markað.
6. Í stað tilvísunarinnar „IV. kafla“ í 6. mgr. 35. gr. komi: VII. kafla.
7. Í stað orðanna „á hvern þann stað“ í 1. mgr. 37. gr. komi: á þá staði.
8. Í stað orðsins „endadegi“ í 3. mgr. 40. gr. komi: efndadegi.
9. Í stað orðanna „ákærvaldið“ og „það“ í 6. mgr. 46. gr. komi: ákærandi; og: hann.
10. Við 48. gr.
 - a. Á eftir 4. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Viðhald og endurnýtingu lækningatækja, sbr. 2. mgr. 17. gr.
 - b. Í stað orðsins „tengdum“ í 7. tölul. 1. mgr. komi: sem tengjast.
 - c. Í stað orðsins „viðfangsefni“ í 2. mgr. komi: verkefni.
11. Fyrirsögn VIII. kafla verði: **Reglugerðir, gildistaka, o.fl.**